



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 12. febrúar 2007

Umsögn um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð, 395. mál

Landgræðsla ríkisins fagnar því að þetta frumvarp er komið fram. Rík þörf er á verndun hinnar sérstæðu náttúru á því svæði sem frumvarpið nær til. Svæðið einkennist af áhrifum þeirra náttúruafla sem hafa mótað það og hafa jafnframt áhrif langt út fyrir það.

Ástæða er til að gera athugasemdir við hinn mjög svo stutta fyrirvara sem veittur er til að gefa umsögn um frumvarpið þegar um svo umfangsmikið mál er að ræða. Einnig er ástæða til að gera athugasemd við gæði þeirra landupplýsinga sem fylgja frumvarpinu.

Vegna þeirra takmarkana sem hingað til hafa verið settar um landnýtingu innan þjóðgarða, þ.m.t. landgræðslu, þá vill Landgræðslan áréttta að sú verndun sem í því felst að stofna þjóðgarð má ekki verða til þess að gróður- og jarðvegsvernd sé illfrankvæmanleg þar sem hennar er brýn þörf, eins og er svo víða á þessu svæði.

Varðandi athugasemdir við einstakar greinar vill Landgræðslan benda á eftirfarandi:

Það vekur athygli að ekki sé að finna skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu en Landgræðslan telur að rík ástæða hefði verið til þess.

4.- 10. gr.

Undirritaður fyrir hönd Landgræðslu ríkisins leyfir sér að benda á að fyrirkomulag stjórnunar fyrirhugaðrar ríkisstofnunar getur hamlað skilvirkri stjórnsýslu og má í því sambandi nefna reynslu af stjórnsýslu fyrirverandi Náttúruverndarráðs. Undirritaður hefur horft til umhverfisráðuneytisins með virðingu fyrir að afnema stjórnir í stofnunum ráðuneytisins. Í frumvarpinu er ennfremur heimild til að stjórnin ráði sér framkvæmdastjóra en ekki getið um hlutverk hans eða ábyrgð. Viðurkennt er að brýnt sé að svokallaðir heimamenn eignist hlutdeild í stjórnun þjóðgarðsins, en þessi leið virðist dýru verði keypt. Í ákvæðum til bráðabirgða er í 4. tölulið gert ráð fyrir að ákvæði um stjórnfyrirkomulag Vatnajökulspjóðgarðsins verði endurskoðuð eigi síðar en 1. janúar 2013. Lagt er til að sett yrði inn ákvæði um dagsetningu eigi síðar en 2010. Þá gæfist einnig tækifæri til að samræma fyrirhugaða þrískiptingu fyrirkomulags á stjórnun þjóðgarða landsins. Það er þjóðgarðsins á Þingvöllum, Vatnajökulspjóðgarðs og annarra þjóðgarða.

12. gr.

Í 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins er fjallað um hverjir eigi að vinna verndaráætlun á hverju svæði og er þar kveðið á um samráð við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Bent er á að hugtakið samráð hefur verið túlkað mjög frjálst í stjórnsýslunni til þessa og oft verið útfært sem tilkynningarskylda án nokkurra annarra skuldbindinga. Verndaráætlunum er ætlað m.a. að fjalla um landnýtingu í þjóðgarðinum og þar á meðal verður ekki komist hjá því að fjalla um hefðbundna landnotkun til landbúnaðar. Í reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 3 frá 1. febrúar 2004 er skýrt kveðið á um í 9. grein, 5. tölulið að Landbúnaðarráðuneyti fari með mál er varða „landnotkun í þágu landbúnaðar og önnur jarða- og ábúðarmál.“ Það er því rík ástæða til að svæðisráðin hafi samráð við Landgræðslu ríkisins um landnýtingarmál auk fyrrgreindra stofnana.

Landgræðslan hefur það hlutverk skv. lögum um landgræðslu nr. 17/1965 að vinna að gróðurvernd og stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar sem og að meta hvar þörf er á að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum sbr. lög nr. 91/2002. Það er mat Landgræðslunnar að vegna sérstöðu þess svæðis sem fjallað er um og að stór hluti þess einkennist af jarðvegsrofi, viðkvæmum gróðurlendum og vatnsmiklum fallvötnum, þá eigi að kveða á um samráð við Landgræðsluna í þessari grein.

Landgræðslan hefur með beinum eða óbeinum hætti haft á hendi verndun áhrifasvæða Vatnajökuls, einkum vegna jarðvegsrofs og varðandi varnir gegn landbroti fallvatna. Frá jöklinum berast fokefni með jökulám og vindi og hafa í gegnum tíðina eytt verðmætum vistkerfum norðan og sunnan Vatnajökuls. Einnig hafa jökulvötn með upptök í Vatnajökli víða brotið land, ógnað mannvirkjum, verðmætu landi og búsetu. Sem dæmi má nefna að flóðahætta frá Jökulsá á Fjöllum ógnar tilvist þeirrar náttúrperlu sem er í Herðubreiðarlindum og byggð og nytjalöndum bænda í Kelduhverfi.

Fokefni eru ógn við gróður og líffræðilegan fjölbreytileika á stórum svæðum, langt frá upprunastað. Gífurlega virk sandleið liggur frá mynni Vonarskarðs, vestan Trölladyngju og Dyngjufjalla ytri. Við bætist sandur sem berst um Dyngjufjalladal frá Dyngjusandi og frá svörfun hrauna. Þessi sandleið klofnar um Bláfjall og Búrfell og greinast þær sandleiðir síðan meira norðar. Mjög virk sandleið liggur m.a. að Dimmuborgum, þar sem unnið hefur verið að stöðvun blá-enda sandleiðarinnar frá árinu 1942. Unnið er að stöðvun annarrar sandleiðar á Grjóthálsi, innan Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, rétt ofan við Vesturdal. Mun fleiri rofvandamál tengjast þessari sandleið. Mjög virkar sandleiðir teygja sig einnig áfram norðan Herðubreiðarfjalla og að Jökulsá. Jökulröndin hörfar hratt og er ástæða er til að ætla að sandfok frá jöklum fari vaxandi.

Austan Jökulsár á Fjöllum eru einnig alvarleg sandvandamál og jarðvegsrof. Mikill sandburður getur verið upp úr ánni, sem getur síðan valdið keðjuverkandi fokvanda, líkt og átti sér stað þegar gróður- og jarðvegseyðing Hólsfjalla hófst snemma á 18. öld í tengslum við hlaup í Jökulsá vegna eldgosa undir jökli. Hluti þeirrar sandtungu var stoppaður í Öxarfirði, en enn eru alvarleg fokvandamál víða upp frá ánni. Eyðing Möðrudals á sér sömu rætur og þar eru enn mikil vandamál vegna sands. Jarðvegsrof einkennir enn marga staði með ánni innan þjóðgarðsmarka allt til sjávar.

Vesturöræfi er í áhættuflokki vegna mögulegs áfoks úr Háslóni. Ef út af ber gætu landgræðsla reynst nauðsynleg innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs, og einnig sem fyrirbyggjandi ráðstöfun, s.s. á uppblásna landinu frá Desjarárdal suður að megingróðurlendi Vesturöræfa.

15. gr.

Í 3. mgr. 15. gr. er heimildarákvæði til að takmarka umferð á einstökum vegum, slóðum eða svæðum við tiltekinn tíma ársins eða binda hana við tiltekna notkun. Lagt er til að þarna verði bætt við „vegna landgræðslustarfa“.

20. gr.

Í 1. mgr. 20. gr. er skýrt hvað skuli kveða á um í reglugerð um þjóðgarðinn og upptalning á þeirri landnýtingu sem hún á að taka til. Miðað við þá upptalningu sem þar eru þá er ekki óeðlilegt að setja „landgræðslu“ sem einn af þeim liðum.

Í 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að leitað sé álits Náttúrufræðistofnunar Íslands á vistfræðilegu þoli þeirra svæða þar sem ætlunin er að búfjárbætt verði heimil og að við það skuli miðað að landnýting innan þjóðgarðsins verði sjálfbær að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands.


Eins og bent hefur verið á hér að framan þá er Landgræðslunni falið skv. lögum um landgræðslu að vinna að gróðurvernd og gróðureftirlit og jafnframt er henni falið stórt hlutverk við stjórnun beitarnýtingar sbr. lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Einnig hefur Landgræðslan fjallað formlega um beitarnýtingu á afréttasvæðum og samnýttum beitolöndum á landinu öllu skv. 43. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993 með síðari breytingum og reglugerð nr. 175/2003 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Landgræðslan hefur því yfir að ráða mikilli sérfræðiþekkingu á því hvernig búfjárbætt samræmist markmiðum um sjálfbæra landnýtingu. Með vísan til tilvitnunar í reglugerð um Stjórnarráð Íslands, í umsögn um 12. gr. frumvarpsins hér að framan um hlutverk landbúnaðarráðuneytisins er fráleitt að fela eingöngu Náttúrufræðistofnun Íslands að meta sjálfbærni nýtingar búfjárbeitar innan þjóðgarðsins. Auk þessa má benda á að hugtakið sjálfbær landnýting er ekki skilgreint í frumvarpinu. Brýnt er að setja fram skilgreiningu á því hugtaki í fyrirhugaðri lagasetningu og reglugerð, m.a. með hliðsjón af þeim alþjóðasamningum sem Íslendingar eru aðilar að.

21. gr.

Varðandi ráðstöfun á gjaldi sem heimilt er að innheimta fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu þá er ekki óeðlilegt að slíkt renni a.m.k. að einhverju leyti til verkefna sem stuðla að því að tryggja sjálfbæra nýtingu svæðisins s.s. stöðvun jarðvegseyðingar, lagfæra skemmdir, gerð göngustíga, o.s.frv. Sama mætti gilda um ráðstöfun á sektum sbr. 22. gr.

Í athugasemdum við frumvarpið á bls. 10 er þess getið að nokkrar jarðir innan hins fyrirhugaða svæðis innan þjóðgarðsins séu í eigu Landgræðslu Íslands. Hið rétta er að þær eru í eigu og eða umsjá Landgræðslu ríkisins.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins



Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.